

BORGARRÁÐ 19.7.'18: Tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um að Reykjavíkurborg komi á fót neyðarhúsnæðisúrræðum fyrir heimilislausu og/eða utangarðs einstaklinga - R18070112

Lagt er til að Reykjavíkurborg taki til leigu eða festi kaup á íbúðarhæfum rýmum tafarlaust fyrir einstaklinga og fjölskyldur sem eru án heimilis. Slíkt neyðarhúsnæði skal hugsað sem tímabundið meðan unnið er að varanlegri lausn á málefnum einstaklinga sem þar dvelja.

Greinargerð:

Gríðarleg húsnæðiskreppa ríkir í Reykjavík, biðin eftir félagslegu húsnæði er löng og margir ráða ekki við leiguverð á almennum markaði. Fjöldi heimilislausra og/eða utangarðs fólks hefur aukist um 95% á síðustu fimm árum og full ástæða þykir til að áætla að fjöldinn sé í raun meiri. Viðkvæmir hópar verða sérstaklega fyrir barðinu á húsnæðiskreppunni. Þar má nefna einstaklinga með tvígreiningu, þ.e.a.s. fíknivanda og geðgreiningu. Ljóst er að fjölga þarf búsetuúrræðum jafnt sem fjölbreytni þeirra. Þau rými sem standa nú til boða eru langt því frá að vera nógu mörg. Fátækir einstaklingar er einnig annar hópur sem verður hvað verst fyrir barðinu á húsnæðiskreppunni og geta hvergi leitað á meðan þeir bíða úrlausn sinna mála eða eru algjörlega upp á aðra komin. Þörf er á neyðarhúsnæði í nálægð við almenna þjónustu, fyrir fjölskyldur og einstaklinga í húsnæðisvanda og neyðarástandið kallar á bráðaaðgerðir.